

Reykjavík, 25. mars 2022

Efni: Umsögn Landssambands eldri borgara – LEB um Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.) Mál nr. 66/2022

Frumvarpið er tilkomið vegna samkomulags aðila vinnumarkaðarins í tengslum við Lífskjaramninga sem gerðir voru árið 2019.

1. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögbundin hækkun mótframlags launagreiðenda hækki úr 8% í 11,5%.
2. Aukið val sjóðsfélaga til að ráðstafa hluta skylduiðgjalds í tilgreinda séreign.
3. Aukin heimild til að ráðstafa lífeyrissparnaði til fyrstu íbúðakaupa.
4. Er stigið skref til að jafna stöðu lífeyristaka gagnvart lífeyri frá almannatryggingum.
5. Er lagt til að verðlagsuppfærslur lífeyrisgreiðslna eigi sér stað einu sinni ári.

LEB hefur ekki haft möguleika á að leggja sjálfstætt mat á áhrif breytinganna.

Í greinargerð frumvarpsins er skýrt kveðið á um framkvæmd verðtryggingar lífeyris sem er sett fram með dæmi og skýrt að „Markmið með henni er ekki að skerða lífeyrisgreiðaslur og því er mikilvægt að haga framkvæmd verðtryggingar lífeyrisgreiðslna þannig að markmið tillögunar náist“ Mikilvægt að það þetta sé sameiginlegur skilningur.

Komi í ljós að breytingin skerðir lífeyri treystir LEB að brugðist verði við og það lagfært enda má ljóst vera að lífeyristakar munu ekki una frekari skerðingum.

F.h LEB – Landssambands eldri borgara

Þorbjörn Guðmundsson formaður kjaranefndar LEB